

BORGARRÁÐ 2. apríl 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að unnið verði með tillögur borgarráðsfulltrúa varðand COVID-19 í smærri hópum - R20040014

Tillaga Flokks fólksins um öðruvísi upplegg en það sem kynnt hefur verið til að vinna úr þeim Covid-19 viðspyrnutillögum sem lagðar hafa verið fram af borgarfulltrúum/flokkum. Borgarfulltrúi leggur til að það upplegg sem notað verður til að vinna úr tillögum verði með þeim hætti að unnið verði í smærri hópum sem dregið verði í og að dregið verður einnig hvaða tillögur hóparnir vinna með. Með þessum hætti verður hægt að tryggja aðkomu minnihlutans að málum og möguleikum þeirra að hafa eitthvað um þau að segja og yfir höfuð hafa einhver áhrif á viðspyrnuna og mótvægisáðgerðir. Markmiðið er að ná sem breiðustu sátt til að mæta þörfum fólksins í þessum aðstæðum. Hér er tækifæri til að leggja völd og allt valdabrölt til hliðar og prófa nýjar leiðir, leiðir það sem unnið er saman og aðra leið en að minnihlutinn leggi fram tillögur sínar sem flestum er síðan vísað frá eða þær felldar. Við svoleiðis aðstæður er ekki von á að borgarfulltrúar minnihlutans upplifi að þeir séu að taka alvöru þátt í vinnunni.